

Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19

Dagsetning: 22.12.2020

Efni: Vinna viðbragðs- og uppbyggingarteymis á árinu 2020.

Viðbragð og uppbygging félags og atvinnumála í kjölfar COVID-19 heimsfaraldurs

Í upphafi mars mánaðar, þegar útbreiðsla COVID-19 smita á Íslandi fór að aukast og ljóst varð að heimsfaraldur vegna COVID-19 gæti leitt af sér hættu á þjónusturofi við viðkvæma hópa ákváðu félags- og barnamálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga að setja á fót **viðbragðsteymi um þjónustu við viðkvæma hópa**. Hlutverk teymisins var að safna og miðla upplýsingum, meta stöðu sem upp gæti komið og eftir atvikum bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins á velferðarþjónustu í víðum skilningi. Viðbragðsteymið fundaði vikulega og gaf út átta stöðuskýrslur meðan fyrsta bylgja faraldursins varði, frá 17. mars til 19. maí 2020.

Það er óhætt að segja að mikilvægi viðbragðsteymis og samstillts átaks allra þeirra aðila sem komu að miðlun upplýsinga og framkvæmd lausna á fordæmalausum tímum hafi skipt sköpum til þess að draga úr þjónusturofi og bregðast við aðstæðum sem upp komu og snertu sóttvarnir, smit og mikilvæga viðbótarþjónustu sem þurfti að setja af stað.

Um miðjan maí sá glitta í rénun faraldursins og þótti stjórnvöldum því þörf á breyttri nálgun. Til þess að byggja ofan á það mikilvæga samstarf sem sett hafði verið af stað með viðbragðsteymi og takast samhliða á við þær áskoranir sem fram undan voru innan málefnasviða félagsmálaráðuneytisins af völdum faraldursins var ákveðið að stofna **teymi uppbyggingar félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19**. Það teymi var og er ennþá skipað fulltrúum frá félagsmálaráðuneyti, samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti, Vinnumálastofnun, félagsmálastjórum á Íslandi, velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og umboðsmanni skuldara. Hlutverk uppbyggingarteymis var ætlað að vera svipað og viðbragðsteymis en að málefnasviðin yrðu fleiri til þess að upplýsingar og aðgerðir stjórnvalda sem áhrif hefðu á marga málaflokka yrðu tekin saman í stöðuskýrslum af fyrirmynd viðbragðsteymisins og bregðast mætti áfram við með hliðsjón af ólíkum málefnasviðum. Teymið hefur skilað af sér níu stöðuskýrslum og hefur að jafnaði fundað aðra hverja viku frá því um miðjan maí.

Bakvarðarsveit og viðbragðsnetfang

Samhliða stofnun viðbragðs- og uppbyggingarteymis var sett á laggirnar **bakvarðarsveit velferðarþjónustunnar** sem þjónustuveitendur gætu leitað til ef upp kæmi smit og mönnun grunnþjónustu stæði höllum fæti tímabundið. Sérstöku **viðbragðsnetfangi** var einnig komið á laggirnar í félagsmálaráðuneytinu þannig að hægt væri að leita beint til stjórnvalda vegna óvæntra aðstæðna sem nauðsynlegt væri að bregðast við með skjóttum hætti. Bakvarðarsveit velferðarþjónustunnar skilaði á árinu 2020 um 1.500 skráningum sjálfboðaliða með fjölbreyttan bakgrunn. Ítrekað hefur verið leitað til bakvarðarsveitarinnar sem sannað hefur gildi sitt fyrir þjónustuveitendur á erfiðum tímum víðs vegar um landið. Fyrir það ber að þakka.

Miðlun upplýsinga með samræmdum hætti

Fyrsta skref viðbragðsteymisins var að útbúa **samræmt spurningasniðmát** sem sent var til allra sveitarfélaga, stofnana félagsmálaráðuneytisins og félagasamtaka sem sinna þjónustu við viðkvæma hópa. Í þeim sniðmátum var fyrst og síðast leitað upplýsinga um mögulegt þjónusturof og áskoranir sem upp kynnu að koma og komu upp í þjónustu við viðkvæma hópa. Svörin voru dregið saman í vikulegum stöðuskýrslum sem dreift var til allra aðila svo allra augu væru á mögulegum veikleikum sem bregðast þurfti við með úrbótum. Allt frá fyrsta sniðmáti hafa þessir aðilar skilað mikilvægum upplýsingum um stöðu mála til teymisins en ekki síður tillögum og hugmyndum um aðgerðir sem

nauðsynlegt hefur verið að grípa til á fordæmalausum tímum. Með tilkomu uppbyggingarteymis breyttist eðli stöðuskýrsla þótt áfram hafi verið haldið með þá reglulegu gagnainnköllum sem reyndist svo mikilvæg á öllu árinu. Það er vert að þakka sérstaklega félagasamtökum og sveitarfélögum fyrir þá vinnu enda endurspeglast upplýsingar þeirra í aðgerðum til handa viðkvæmum hópum sem gripið var til með afgerandi hætti á árinu 2020 og haldið verður áfram með á árinu 2021.

Frá upphafi heimsfaraldurs hafa bæði fulltrúar viðbragðs- og uppbyggingarteymis átt þétt samstarf við **Velferðarvaktina** sem miðlað hefur upplýsingum inn í teymin auk þess sem fulltrúar teymanna hafa mætt á fundi til að eiga samtal og þiggja þekkingu sem þar býr og mikilvæg hefur verið á þessu ári.

Aðgerðir á sviði félags- og atvinnumála vegna COVID-19

1. Félagslegar aðgerðir

Á grundvelli upplýsinga frá þeim aðilum sem sinna þjónustu við viðkvæma hópa lagði viðbragðsteymið til að ráðist yrði í sértækar aðgerðir til stuðnings þeim sem höllustum fæti stóðu vegna COVID-19 heimsfaraldurs.

Um var að ræða félagslegar aðgerðir fyrir tæpar **1,6 ma.kr.** sem skiptust þannig:

Félagslegar aðgerðir vorið 2020 að fjárhæð **386 m.kr.**

- Tímabundinn samningur við Rauða krossinn til að efla hjálparsímann 1717.
- Fjárstyrkir vegna COVID-19 til 28 félagasamtaka.
- Tímabundið neyðarhúsnæði fyrir heimilislauða og fólk sem ekki á í nein hús að venda.
- Vitundarvakning á sviði barnaverndar og heimilisofbeldis.
- Aðgerðarteymi um stýringu og samræmingu aðgerða gegn ofbeldi á tímum COVID-19.
- Fjárstuðningur við Íslendinga erlendis vegna félagslegra aðstæðna.
- Samkomulag við *Móðurmál, samtök um tvítyngi* vegna fjarkennslu til innflytjenda
- Upplýsingar og fræðsluefni vegna COVID-19 til fólks af erlendum uppruna.

Sértækur stuðningur við viðkvæma hópa sumarið 2020 að fjárhæð **1.195 m.kr.**

- Styrkir til íþrótt- og tómstundastarf barna sem búa á tekjulágum heimilum (fór af stað í nóvember).
- Viðbótarverkefni í félagsstarfi fyrir fullorðna.
- Viðbótarverkefni í frístundastarfi fyrir börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu.
- Tímabundin ráðgjafarstofa fyrir innflytjendur og aðgengi að upplýsingum fyrir innflytjendur (opnar í janúar 2021).
- Fjögur skilgreind verkefni tengd þjónustu við fatlað fólk/börn og fjölskyldur þeirra
- Styrkir til hjálparsamtaka sem veita mataraðstoð auk úttektar Félagsvísindastofnunar á fyrirkomulagi aðstoðarinnar.
- Styrkur til áfangaheimilisins *Bata* fyrir fólk sem hefur lokið afplánun.
- Verkefni á sviði virkni fatlaðs fólks og verndaðra vinnustaða.
- Samstarf vegna verkefnisins, *Kjarnahópur til vellíðunar*.

Þá hefur Alþingi ákveðið að ráðist verði í áframhaldandi félagslegar aðgerðir fyrir um **900 m.kr. veturinn og sumarið 2020-2021** sem skiptist þannig:

- Félagslegar aðgerðir fyrir aldraða – 130 m.kr.
- Félagslegar aðgerðir fyrir fatlað fólk og börn – 368 m.kr.
- Félagslegar aðgerðir fyrir innflytjendur – 40 m.kr.
- Félagslegar aðgerðir fyrir börn í viðkvæmri stöðu – 190 m.kr.
- Stuðningur við félagasamtök sem styðja við viðkvæma hópa – 80 m.kr.
- Þjónusta við heimilislauð fólk – 42,5 m.kr.
- Verndun heimilanna – 45 m.kr.

2. Aðgerðir til að viðhalda störfum og tryggja afkomu fólks.

Fljótt varð ljóst að vinnumarkaður og störf kynnu að verða fyrir miklum áhrifum af þeim samkomutakmörkunum sem stjórnvöld neyddust til að grípa til í glímunni við veiruna. Stjórnvöld gripu til eftirtaldrá aðgerða innan málefna sviðs félagsmálaráðuneytisins til að verja störf og tryggja afkomu atvinnuleitenda á árinu 2020:

- a) **Hlutabótaleið** - Alls hafa ríflega 36 þúsund einstaklingar nýtt sér úrræðið og hefur það kostað ríkissjóð um 22,3 ma.kr. Til samanburðar hafa útgjöld vegna almennra atvinnuleysistrygginga numið um 42 ma.kr. það sem af er árinu 2020. Alls hafa ríflega 60 þúsund einstaklingar nýtt sér úrræðið eða fengið greiddar almennar atvinnuleysisbætur það sem af er árinu 2020 en það er um þriðjungur þátttakenda á vinnumarkaði. Úrræðið hefur verið framlengt til 31.maí 2021.
- b) **Laun í sóttkví** – Alls hafa ríflega 3.000 einstaklingar nýtt sér úrræðið og hafa útgjöld vegna þess numið um 350 m.kr. Það er um 7% allra sem lokið hafa sóttkví skv. opinberum tölum.
- c) **Sumarstörf fyrir námsmenn** – Alls námu útgjöld vegna úrræðisins um 1,8 ma.kr. en úrræðið nýttist um 2300 námsmönnum og fjölda vinnustaða hjá sveitarfélögum og ríki sumarið 2020.
- d) **Aukafjárveiting til reksturs Vinnuálastofnunar** – Veittar voru 100 m.kr. til þess að koma til móts við þá miklu þörf sem skapaðist á auknum mannafla í starfsemi Vinnuálastofnunar. Markmiðið var að tryggja greiðslur atvinnuleysisbóta og þjónustu fyrir atvinnuleitendur á tímum COVID-19.
- e) **Nám er tækifæri** – Með úrræðinu verður atvinnuleitendum gert kleift að stunda fullt nám samhliða atvinnuleysisbótum í eina önn án þess að það hafi áhrif á rétt þeirra til atvinnuleysisbóta. Úrræðið hefst á vorönn 2021.
- f) **Reglur um ráðningarstyrki rýmkaðar vegna COVID-19** – Mikil ásókn hefur verið í umsóknir um ráðningarstyrki frá því breytingin gekk í gildi og mun úrræðið nýttast fyrirtækjum vel í endurreisn sinni á árinu 2021.
- g) **Greiðslur vegna launakostnaðar íþróttafélaga** – Stjórnvöld munu veita styrki til íþróttafélaga, að tilteknum skilyrðum uppfylltum vegna launakostnaðar starfsfólks þeirra á tímabilinu 1.október 2020 – 30. júní 2021. Framkvæmdin er í höndum Vinnuálastofnunar og hefst í janúar 2021.

3. Aðgerðir sem snúa að framfærslu vegna COVID-19.

Til þess að koma til móts við viðkvæma hópa var ákveðið að grípa til fjölda sértækra framfærsluviðbóta vegna áhrifa COVID-19 sem nýttust og nýttast munu atvinnuleitendum, barnafjölskyldum, öryrkjum og endurhæfingarlífeyrisþegum veturinn 2020 og inn á árið 2021.

- a) Eingreiðsla til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega í maí.
- b) Eingreiðsla til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega í desember.
- c) Umönnunargreiðslur til framfæranda fatlaðra og langveikra barna.
- d) Hækkun greiðslna vegna framfærsluskyldu barna atvinnuleitenda.
- e) Lenging tímabils tekjutengingar atvinnuleysisbóta úr þremur mánuðum í sex fyrir skilgreindan hóp atvinnuleitenda.
- f) Viðbótarálag á grunnfjárhæð atvinnuleysisbóta frá 1. janúar 2021 sem gildir árið 2021.
- g) Sérstakur barnabótaauki.
- h) Skerðingamörk barnabóta hækkuð frá 1. janúar 2021.

Við árslok

Á árinu 2021 verða kaflaskil í baráttunni gegn veirunni og væntingar standa til þess að þá verði hægt að fara af fullum þunga í að hefja félagslega og atvinnulega uppbyggingu án þess að þurfa á sama tíma að berjast við veiruna og takast á við afleiðingar þeirra umfangsmiklu takmarkanna sem í gildi eru. Vonir standa til þess að samstarfsaðilar teymisins hafi hug á því að halda þessu samstarfi áfram til þess að nýta þær mikilvægu samskipta og upplýsingaleiðir sem byggðar hafa verið upp í faraldrinum.

Teymið vill koma á framfæri þökkum til félagasamtaka, sveitarfélaga og annarra samstarfsaðila sem miðlað hafa upplýsingum inn í teymið á árinu 2020. Sú upplýsingagjöf er lykillinn að því að geta lagt fram aðgerðir sem nýttast þeim sem þurfa í heimsfaraldri á borð við þann sem heimurinn hefur staðið frammi fyrir á árinu sem nú er að líða. Gleðileg jól og gæfuríkt COVID frítt ár 2021.

Ítarefni

1. Félagsstarf fullorðinna í sumar – Lokaskýrsla

Sveitarfélög voru hvött til að efla enn frekar félagsstarf fullorðinna sumarið 2020 með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun sem orðið hafði í kjölfar COVID-19. Eldri borgarar og öryrkjar þurftu að þola skerta samveru og félagslega einangrun á vormánuðum m.a. vegna sjálfsskipaðrar sóttkvíar. Af þeim sökum var sérstaklega mikilvægt að leggja aukna áherslu á frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu og forvarnir með það að markmiði að auka lífsgæði og heilbrigði, fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun.

Á þessum grundvelli gafst sveitarfélögum kostur á að sækja um fjárframlag til sérstakra viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna. Alls var samþykkt að veita allt að 75 milljónum króna til eflingar félagsstarfs á landsvísu. Við útteilingu fjármagns var fjöldi íbúa 67 ára og eldri í hverju sveitarfélagi hafður til viðmiðunar og bærust umsóknir frá 39 sveitarfélögum en í þeim sveitarfélögum búa um 93% þeirra sem eru 67 ára og eldri á landinu.

Verkefnin sem sveitarfélögin sóttu um styrk fyrir voru fjölbreytt enda stærð sveitarfélaganna mismunandi. Minnstu sveitarfélögin nýttu styrkinn m.a. til að halda kaffisamsæti með uppákomu, gönguferðir með leiðsögn, harmonikkuball, golfmót og grill. Stærri sveitarfélögin buðu m.a. upp á verkefni eins og ferðir á sófn, styttri gönguferðir, menningartengda viðburði, jóga, dans og aðra hreyfipjálfun t.a.m. kennsla á æfingum sem hægt er að gera heima og gönguhópar stofnaðir, fræðsla um í formi fyrirlestra m.a. um leiðir til að draga úr óöryggi, kvíða og einsemd. Þá stóðu nokkur sveitarfélög fyrir tæknilæsisnámskeiðum þar sem boði var upp á hóptíma, einstaklingpjálfun og fjarþjálfun.

Verkefnin þóttu hafa heppnast vel og gefið góða raun og að styrkurinn hafi verið hvatning til finna nýjar leiðir til að vinna gegn félagslegri einangrun fullorðinna þrátt fyrir að lítill tími hafi verið til undirbúnings viðbótarverkefna sumarsins. Í sumum sveitarfélögum náðist ekki að klára öll þau verkefni sem ráðast átti í seinni part sumarsins vegna nýrrar bylgju COVID-19. Þau sveitarfélög hyggjast taka upp þráðinn þegar aðstæður verða betri og setja verkefnin í framkvæmd um leið og hægt er.

2. Frístundastarf barna í viðkvæmri stöðu í sumar - Lokaskýrsla

Ákveðið var að styðja fjárhagslega við þau sveitarfélög sem töldu þörf á að auka við frístundastarfsemi barna í viðkvæmri stöðu sumarið 2020, umfram hefðbundið sumarstarf. Aðgerðirnar voru hluti af aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar vegna COVID-19, sem ætlað var að veita mótvægi vegna þeirra áhrifa sem faraldurinn hefur á viðkvæma hópa í samfélaginu.

Sérstaklega var horft til aldurshópsins 12 til 16 ára, og áhersla lögð á að ná til þess hóps barna sem hvað síst sækja hefðbundið frístundastarf. Líkur voru taldar á að 12-16 ára börn væru í hvað minnstri virkni yfir sumartímann og því í aukinni áhættu hvað varðar til dæmis áhættuhegðun eða kvíða. Samþykkt var að veita 75 milljónum króna til verkefnisins á landsvísu og fengu 30 sveitarfélög styrk. Í þeim sveitarfélögum sem fengu styrk búa 87% barna á aldrinum 12-16 ára.

Við útteilingu fjármagns var hlutfallslegur fjöldi barna á aldrinum 12 til 16 ára í hverju sveitarfélagi hafður til viðmiðunar. Verkefnin voru af ýmsum toga enda stærð sveitarfélaganna mjög mismunandi og áskoranir á tímum COVID-19 hvað tómsundastarf barna varðar fjölbreyttar. Sem dæmi má nefna félagsmiðstöðvar, sem venjulega loka yfir sumarið, héldu dyrum sínum opnum yfir sumartíman, boðið var upp á sjálfstyrkingar og kvíðanámsleið undir handleiðslu fagaðila og sumarúræði voru víða niðurgreidd til að gefa börnum úr efnaminni fjölskyldum kost á þátttöku. Fjárfest var í spilum eða tölvubúnaði til að auka við fjölbreytni í tómsundastarfi hjá fámennari sveitarfélögum. Einn minni hreppanna nýtti styrkinn til að bjóða börnum 12 til 16 ára upp á upplifun innan sveitar og kynna þeim nærumhverfið, þar sem þau fóru þau meðal annars í útsýnisflug og helliferð. Þannig fengu þau að upplifa afþreyingu í nærumhverfi sínu sem þau höfðu ekki upplifað áður. Í öðru sveitarfélagi voru ungmenni beðin um að svara matsblaði við lok námskeiðs þar sem farið var í listsköpun, föndur, leiki, íþróttir og útivist, alls 14 þátttakendur. Þar svöruðu 93% þátttakenda að þau hefðu haft gaman að námskeiðinu, 60% kváðust hafa haft gagn að því og 85% sögðu að þau myndu mæla með námskeiðinu. Við spurningunni „hvað var skemmtilegast á námskeiðinu“, svöruðu 50% þátttakenda að það hefði verið að hitta krakka og eignast vini.